

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Reyðarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 10. nóvember 2016
UST201610-092/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi hesthúsa- og búfjársvæði í landi Kirkjubólseyrar, Fjarðabyggð

Vísað er til erindi skipulags- og byggingarfulltrúa er barst 11. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hesthúsa- og búfjársvæði í landi Kirkjubólseyrar í Fjarðabyggð.

Skipulagssvæðið


Í tillögunni felst að opið svæði til sérstakra nota á ofangreindri jörð er stækkað úr 9 ha í 20 ha. Í greinargerð kemur fram að með tillögunni er verið að skapa aðstöðu fyrir hestamenn og fyrir frístundabúskap á svæðinu. Einnig kemur fram að á svæðinu er nú reiðhöll, skeiðvöllur og gerði og nú bætist við rými fyrir hesthús og frístundabúskap.


Á vestari hluta svæðisins er í gildi deiliskipulag fyrir vinnubúðir og steypustöð vegna framkvæmda við Norðfjarðargöng, en samkvæmt því deiliskipulagi verða bráðabirgðamannvirki fjarlægð. Áhugi er fyrir að þetta svæði verði hluti af hesthúsa- og búfjársvæði eftir að framkvæmdum við Norðfjarðargöng lýkur.

Á svæðinu eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og þar eru ekki jarðminjar eða vistgerðir er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda breytingartillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri